

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Lyflæknishjúkrun 303 Kennsluáætlun haustönn 2010	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir	IBÓ	inga@vma.is
----------------	------------------------	------------	-------------

Áfangalýsing:

Áfanga- markmið/ viðfangs- efni:	Í þessum áfanga er lögð áhersla á hjúkrun bráðveikra, langveikra og mikið veikra einstaklinga. Unnið er út frá hugmyndum um lausnarmiðaða aðferð (PBM). Fjallað er um krabbamein, helstu aukaverkanir krabbameinsmeðferðar og viðeigandi hjúkrun, eftirlit og athuganir. Fjallað um hjúkrun, bjargráð og meðferð einstaklinga með langvinna sjúkdóma svo sem lungnasjúkdóma, ónæmis- og ofnæmissjúkdóma, hjartasjúkdóma, þvagfæra- og meltingarsjúkdóma, taugakerfissjúkdóma og sýkingar. Bráðu sjúkdómsástandi í fyrrgreindum kerfum og viðeigandi hjúkrun gerð skil. Áhersla er lögð á mikilvægi viðurkenndrar hjúkrunarstærðingar og nákvæms eftirlits í hjúkrunarstörfum. Fjallað er um mikilvægi samskipta skjólstaðinga, aðstandenda og starfsfólks í bataferlinu. Sjúkdómsgreinandi rannsóknir eru kynntar. Smitgátarvinnubrögð eru rifjuð upp og gerð er grein fyrir mismunandi tilgangi einangrunar eftir sjúkdómsástandi. Gerð er grein fyrir mismunandi hugmyndum um aðlögun að missi og hvernig hægt er að hagnýta þær við hjúkrun langveikra. Hjúkrunarkenningar eru notaðar til þess að skýra hugmyndafræðilegan grunn hjúkrunar í áfanganum. Algengustu fatlanir og hugtök þeim tengd eru skilgreind. Fjallað er um menningarbundin viðhorf til heilbrigðis og sjúkdóma og viðbrögð við þeim.
---	---

Markmið:

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á hjúkrun einstaklinga með bráðan og langvinnan heilsuþrest. Að nemandi þekki hugmyndafræði hæfingar og endurhæfingar og geti hagnýtt hana í hjúkrunarstörfum.

Námsgögn: Ljósrit : Greinar, glærur, heimaverkefni og tímaverkefni.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)
33 - 37	Lota 1. Hjartasjúkdómar og lungnasjúkdómar.
37 - 39	Nemendur í verklegu námi (13.sept. – 3. okt.).
40- 43	Lota 2. Meltingarfærasjúkdómar, ofnæmi, innkirtlasjúkdómar, þvagfærasjúkdómar og taugakerfissjúkdómar.
44 -46	Lota 3. Krabbamein, geislar, frumeyðandi lyf aukaverkanir, sýkingar, smitgát, eingrun, ónæmisbæling.
47	Lota 4. Langvinnir verkir, aðlögunarleiðir, færnissskerðing, hæfing, endurhæfing, sjúkdómsgreinandi rannsóknir.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Lyflæknishjúkrun 303 Kennsluáætlun haustönn 2010	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt próf	Annarpróf / lokapróf í desember.	70%
Skyndipróf	Próf á önninni	15%
Frammistaða á önn	Verkefnavinna (4-6 verkefni)	15%

18. ágúst 2010.

IBÓ
Undirritun kennara

MAL
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils